

Elektrónnæðknir / Hafnalónsá / Þjettíufirði 1990


Árni Jóhann Óðinsson

Veiðimálastofnun

VMST-A/91002

Eintak bókasafns

VMST-A / 91002



VEIÐIMÁLASTOFNUN
INSTITUTE OF FRESHWATER FISHERIES
HVERFISGÖTU 116 - P.O. BOX 5252 - 125 REYKJAVÍK - ICELAND

Inngangur

Fjórtánda ágúst 1990 voru starfsmenn Veiðimálastofnunnar við seiðarannsóknir í vatnakerfi Hafralónsár í Pistilfirði. Rafveitt var á fimm stöðum; einum stað í Kverká og fjórum í Hafralónsá. Hafralónsá hefur a.m.k. þrisvar sinnum áður verið rannsökuð m.t.t. seiðabúskapar (1985, 1987 og 1988) og hefur Veiðimálastofnun séð um þessar rannsóknir.

A. Seiðabúskapur

Alls var rafveitt á 910 m² og var farin ein yfirferð á hverri stöð.

Stöð 1: Hafralónsá v/enda vegarslóða, klapparbotn, 70 m².

Stöð 2: Hafralónsá v/byrjun gilsins, 150 m².

Stöð 3: Hafralónsá lítili hliðarlæna n.v. stöð tvö, 300m².

Stöð 4: Hafralónsá v/Tungusel, grófur malarbotn, 240 m².

Stöð 5: Kverká 1 km o.v. brú, 150 m².

Heildarfjöldi og þéttleiki laxaseiða á hverri stöð er sýndur í töflu 1.

**TAFLA 1. FJÖLDI LAXASEIÐA Á EINSTK. STÖÐVUM EFTIR ALDRI
(ÞÉTTLEIKI/100 M²)**

STÖÐ (M ²)	ALDUR					SAMTALS	
	0	1	2	3	4		5
1 70			1(1.4)	2(2.9)		3(4.3)	
2 150	3(2.0)	1(0.7)	3(2.0)			7(4.7)	
3 300		21(7.0)	17(5.7)	53(17.7)	1(0.3)	2(0.7)	94(31.3)
4 240		1(0.4)	4(1.7)	6(2.5)			11(4.6)
5 150		2(1.3)	5(3.3)	1(0.7)	1(0.7)		9(6.0)
ALLAR 910	3(0.3)	25(2.7)	30(3.3)	62(6.8)	2(0.2)	2(0.2)	124(13.6)

Alls veiddust 124 laxaseiði og var fjöldi mjög misjafn milli stöðva, langmest veiddist á þriðju stöðinni eða 94 seiði en minnst á stöð eitt 3 seiði. Þessi mikli mismunur milli stöðva er mjög eðlilegur og endurspeglar misjafna stærð stöðvanna, ólík búsvæði í ánni og eins að einhverju leyti hversu aðgengileg svæðin eru m.t.t. að rafveiða á þeim. Þéttleiki (fjöldi/100m²) seiðanna var reiknaður og var að meðaltali 13.6 seiði sem er mjög gott. Töluverður breytileiki er á milli stöðva frá 4.3 seiðum á stöð eitt til 31.3 seiði á stöð 3. Þessi mikli þéttleiki á stöð 3 sýnir vel milliþvegi lítilla lækja og hliðarlæna í framleiðslu ána á seiðum og reyndar er það svo að þessi svæði standa oft að miklum hluta undir framleiðslu ána. Menn ættu að hafa þetta í huga þegar menn hyggja á framkvæmdir sem raska þessum svæðum í ánni.

Seiðin voru aldursgreind og koma sex árgangar fram í veiðinni (Tafila 1, 0 = klakárgangur 1990 til 5 = klakárgangur 1985). Þegar styrkleiki einstakra aldursþópa er skoðaður verður að hafa í huga að aldur er metinn

Út frá fremur fáum sýnum og einnig að mikill breytileiki er á stærð seiða innan árganga og þá sérstaklega í eldri árgöngunum (tveggja ára og eldri). Þar sem að seiðin er að hluta til flokkuð eftir stærð verður að líta á tölur innan árganga sem grófa nálgun við raunverulega aloursdraidingu í ánni. Af einstökum árgöngum er Klakárgangurinn frá 1987 (aldur = 3) sterkastur og er það í góðu samræmi við aðrar ár á NA-landi, en 1987 var mjög gott ár fyrir seiðabúskap allra vatnsfella í þessum landhluta. Seiði úr klaki 1988 eru einnig í góðu lagi og má því búast við góðri laxagengd þegar þessir árgangar fara að skila sér aftur í ána en það verður væntanlega 1993-1995. Þetta er þó háð því að aðstæður í sjónum verði góðar en seiðin ganga til sjávar en búast má við miklum afföllum ef sjór er kaldur og næringar- snauður. Klakárgangurinn 1989 kemur einnig sæmlega sterkur út og kemur það nokkuð á óvart, þ.s. 1989 var lélegt ár fyrir seiðabúskap ána á NA-landi en það hefur m.a. komið fram í seiðerannsóknunum í öðrum ám á svæðinu, t.d. Miðfjarðará (Árni Jóhann Óðinsson 1991). Um aðra árganga er ekki hægt að segja mikið um m.t.t. styrkleika. Klakárgangarnir frá 1985 og 1986 eru að mestu (1985) og að hluta til (1986) gangnir til sjávar og þau seiði úr þessum árgöngum sem enn eru í ánni halda til á djúpu vatni þannig að erfitt er að veiða þau. Seiði úr klaki 1990 (aldur = 0) veiddust á einni stöð (stöð 2). Þar sem að seiði klekjast ekki að ráði fyrir en í ágúst og september í ánum á NA-landi er ekkert hægt að segja til um styrkleika þessa árgangs fyrir en að ári líðnu er seiðin verða orðin eins ára gömul.

B. Laxagangan

Sumarið 1990 veiddust samtals 223 laxar í Hafralónsá og er það 90 löxum minni veiði en 1989 sem er þriðja besta veiðiár tímabilsins 1974 - 1990. Í töflu 2 er sýnd heildar laxveiði síðast liðin 17 ár og eru allar aflla tölur teknar uppúr skýrslu Guðna Guðbergssonar um laxveiðina 1990 (Guðni Guðbergsson 1991).

Tafla 2. Laxveiðin í Hafralónsá 1974-1990

Ár	Fjöldi	Ár	Fjöldi	Ár	Fjöldi	Ár	Fjöldi	Ár	Fjöldi
1974	343	1978	276	1982	60	1986	223	1990	223
1975	302	1979	264	1983	52	1987	296		
1976	227	1980	180	1984	25	1988	361		
1977	312	1981	36	1985	132	1989	313		

Meðalveiði tímabils er 213 laxar

Eins og sést í töflu tvö er mikill munur á milli ára á því hversu margir laxar veiddast í ánni, 1974 veiddust 343 laxar en aðeins 25 1984. Samskonar sveiflur í laxveiði koma fram í öðrum ám hér á Austur og Norðausturlandi (sjá t.d. Elvar H. Hallfredsson 1990). Ástæður þessara miklu sveifla í veiði stafa af mjög misstórum hrygningargöngum frá ári til árs en veiðin endurspeglar gönguna að hluta til þó að hlutfallslega minna veiðist af göngunni þegar hún er stór (Sigurður Guðjónsson 1987). Margir þættir hafa áhrif á stærð laxagöngunnar. Í fyrsta lagi eru árgangar mjög misstórir milli ára í ánni. En til þess að fram komi stórir seiðaárgangar

þarf hrygning að vera nægjanlega ríkil og klak að vera snemma á ferðinni til þess að seiðin ná sem mestri stærð áður en fyrsti vetur þeirra í ánni skellur á, en lífslíkur vögamalla seiða ráðast að miklu leyti af stærð þeirra að hausti (Hunt 1969). Vaxtarhraði seiðanna í ánni ræður því hversu lengi seiðin dvelja þar en hitastig hefur afgerandi áhrif á vaxtarhraðann. Ef árferði er gott, heit og sólrík sumur, ná seiðin sjógöngu stærð (10 sm) á 3-4 árum en ef illa árar tekur það seiðin 4-6 ára að ná sömu stærð. Affóll seiða milli ára eru alltaf einhver og því þurfa seiðin að ná sjógöngu stærð á sem stystum tíma til þess að hver árgangur skili sem mestu í veiði. Af þessu er ljóst að fjöldi gönguseiða sem gengur til sjávar á vorin er mjög misjafn milli ára. Mikil affóll geta orðið á seiðunum við það að ganga til sjávar, en hversu mikil þau verða er að stæstum hluta háð umhverfis aðstæðum hverju sinni. Ef sjór er hlýr og næringarafna ríkur lífa hlutfallelega fleiri seiði sjógönguna en þegar sjór er kaldur og anaður. Laxinn dvelur svo í 1-3 ár í sjónum og tekur þá út megnið af vexti sínum, búast má við einhverjum affóllum á þessu tímabilinu í lífi laxans, t.d. vegna afréna og sjúkdóma, en þau eru hlutfalleleg miklu minni en þau affóll er verða við sjógönguna.

Af þessu er ljóst að margin samverkandi þættir verða að vera hagstæðir til þess að stórar laxagöngur skili sér uppi árnar og er mjög erfitt að benda á einhvern einn þátt sem stjórni laxagöngd. Áhrif sjávar virðast þó vera einna mest og er þá annarsvegar um bein áhrif að ræða á laxinn er hann dvelur í sjónum og hinsvegar óbein áhrif á seiðin er þau dvelja í ánni þ.e. með áhrifum á veðurfer í landi (Sigurður Guðjónsson 1988e).

Aiis þarust hreistursgögn af 55 löxum úr afle síðasta árs og var samsetning laxagöngunnar metin út frá þessum gögnum, niðurstöður lesturs á hreistri eru sýndar í töflu 3.

TAFLA 3. Aldurssamsetning laxa í Hafnalónsá (hreistur)

Ár í sjó Ár í fersk- vatni	1		2		Samtals	%
	Hængur	Hrygna	Hængur	Hrygna		
2						
3	9		4	7	20	39
4	7		3	17	27	53
5	1		1	2	4	8
Samtals	17		8	26	51	
%		33		67		100
Kví	2				2	
- Aldur	1		1		2	

Gotmerki: 4 fiskar

Stórlax (lax sem hefur verið a.m.k. tvö ár í sjó) var ríkjandi í afle sumarsins, 67 % af heildarveiðinni, og er það í góðu samræmi við aðrar ár á NA-landi í fyrra. En seiði sem gengu til sjávar 1988 hafa skilað sér vel í veiði aftur, sem smálax 1989 og stórlax 1990. Þessi góða endurheimta

stafar af góðu vori 1988, en eins og áður hefur komið fram ræðst afkoma seiða og þar með ganga laxins aftur upp í ána að miklu leyti af skilgröum í sjónum er seiðin ganga úr ánni til sjávar að vori (Sigurður Guðjónsson 1989a).

Af þeim 55 hreistursýnum sem bárust Veiðimálastofnun voru 2 laxar eldislaxar, nánar tiltekið laxar úr kvíum. Bent hefur verið á að eldisfiskur geti haft óæskileg áhrif á náttúrulega laxastofna (Sigurður Guðjónsson 1988b). Í fyrsta lagi kemur til aukin hættu á að sjúkdómar og snýkjudoýr berist í stofn árinna og hins vegar erfðaböndun sem leiðdi til þess að hæfni stofnsins til þess að lifa í sínu umhverfi minnkaði. Full ástæða er til að fylgjast vel með þróun þessara mála og því mjög mikilvægt að vel sé staðið að hreisturtöku allt veiðitímabilið til þess að sem best mynd fást af laxagöngunni hverju sinni. Þetta gæti t.d. verið gert með því að taka hreistur af öllum þeim löxum sem veiðast fyrir hádegi í ánni alla þá daga sem veitt er. Hreisturpoka er hægt að fá hjá Veiðimálastofnun.

Heimildir

Árni Jóhann Óðinsson 1991. Fiskirannsóknir í Miðfjarðará í Miðfirði í Bakkaflóa 1990. VMST-A/91001.

Elvar H. Hallfreðsson 1990. Fiskistofnar Selár 1989 og sveiflur í veiði. VMSTR-90022.

Guðni Guðbergsson 1991. Laxveiðin 1990. VMST-R/91017.


Hunt, R. L. 1969. Overwinter survival of wild fingerling brook trout in Lawrence Creek Wisconsin. J. Fish. Res. Bd. Can. 26:1473-83.

Sigurður Guðjónsson 1986a. Vesturdalsá í Vopnafirði. Fiskirannsóknir 1987 auk yfirlits um fyrri rannsóknir. VMSTR/88030.

Sigurður Guðjónsson 1988b. Eldislax í ám við Faxaflóa. VMST/88037.

Sigurður Guðjónsson 1989. Seiðarannsóknir í nokkrum ám Norð-Austurlands. VMST/89030.

fjöldi



MYND 1. FJÖLDI OG ALDURSDREIFING SEIDA EFTIR STÖÐVUM.